



Krombacher

KROMBACHER POURFECTION 2019

Reglur fyrir hina alþjóðlegu Facebook keppni fyrir íbúa á Íslandi.

01.01.2019 – 28.2.2019

1. Almennir skilmálar og skilyrði

1.1 **Krombacher International GmbH**, Hagener Strasse 261, 57223 Kreuztal, Germany (hér eftir 'Krombacher') mun veita verðlaun í gegnum Facebook síðuna '[Krombacher International Facebook page](#)', stutta ferð til Krombach, Þýskalandi, frá 26. – 28. apríl, 2019 fyrir íbúa á Íslandi.

1.2 Þessi keppni er ekki í samstarfi eða í tengslum við Facebook og er á engan hátt styrkt, samþykkt eða skipulögð af Facebook. Tengiliður fyrir þessa keppni og sá er veitir upplýsingar er ekki á vegum Facebook, heldur Krombacher. Facebook ber enga ábyrgð á veitingu verðlaunanna. Allar spurningar tengdar þessari keppni skal senda beint á digital@krombacher.com.

Kynningartími: 01. janúar 2019 til 28. febrúar 2019

Síðasti möguleiki til að taka þátt er þann 28. febrúar 2019 kl 11:59:59 CET

Sigurvegarar verða svo kynntir á Facebook síðu [Krombacher International](#) þann 22. mars 2019.

Þátttaka er opin öllum einstaklingum sem hafa sinn eigin/einka Facebook aðgang og eru ríkisborgarar á Íslandi. Hver einstaklingur getur einungis tekið þátt í gegnum einn Facebook aðgang.

Lágmarksaldur til þátttöku er háður lágmarksaldri sem heimilaður er á Íslandi að kaupa og neyta bjórs. Því er lágmarksaldur eftirfarandi;
Þátttakendur frá Íslandi skulu hafa náð 20 ára aldri.

Starfsfólk Krombacher, ættingjar þeirra og starfsfólk fyrirtækja tengt Krombacher hafa ekki rétt til þátttöku. Ákvörðun dómnefndar er endanleg og lagalega bindandi



2. Framkvæmd

2.1 Þátttakendur búa til þeirra eigið myndband þar sem þeir skenkja Krombacher bjór á hvern þann hátt sem þeir kjósa. Krombacher á dælu, Krombacher á flösku eða dós af Krombacher bjór eru allt leyfilegar einingar. Þátttakendur munu deila sínu myndbandi með því að nota myllumerkin #Pourfection2019 #Krombacher og á Facebook síðu [Krombacher International](#) sem verður vel merkt "Pourfection2019".

Krombacher mun veita verðlaun byggt á þeim viðmiðum sem lýst er í grein fjögur.

2.2 Með því að birta sitt myndband og nota myllumerkin og #Pourfection2019 #Krombacher, hefur þátttakandinn samþykkt eftirfarandi skilmála og skilyrði.

3. Birting athugasemda notanda.

3.1 Með þátttöku í þessari keppni mun þátttakandi samþykkja að nafn þeirra og staðsetning sé gerð opinber á Facebook síðum Krombachers (KrombacherUK, KrombacherItalia, KrombacherKorea, KrombacherBulgaria, KrombacherEspaña and Krombacher International).

3.2 Krombacher mun setja sig í samband við alla sigurvegara fyrir 14. mars 2019 svo hægt sé að fá viðeigandi upplýsingar um aldur, dvalarstað og skriflegt samþykki um birtingu efnisins.

3.3 Þátttakendur samþykkja að þeirra framlag sem birt verða vegna keppninar geti verið gerð sýnileg á öðrum samfélagsmiðlum í gegnum Krombacher; heimasíðu Krombacher og Instagram eða öðrum stafrænum rásum. Krombacher hefur því rétt til að nota, geyma og meðhöndla þeirra framlag án allra takmarka um stað og innihald í allt að fimm ár. Krombacher hefur einnig heimild til að nota, breyta og aðlaga myndefnið, t.d. til að stytta, birta lítil brot og/eða tilvitnun fyrir aðra viðeigandi miðla.



Krombacher

3.4 Þátttakendur skulu tryggja að þeirra framlag sem lagt er fram (t.d. texti, myndir/skjáskot, myndbönd) séu ekki háð samþykkis þriðja aðila, að viðkomandi aðili hafi réttindi til að nota myndefnið og að þau brjóti ekki gegn persónuverndarlögum, þá sérstaklega með tilliti til þeirra sem í myndefninu kunna að birtast. Auk þess skulu þátttakendur tryggja að þeirra framlag sem er lagt fram stangist hvorki á við landslög né brjóti gegn almennu velsæmi. Hér skal sérstaklega að því gætt að myndefnið innihaldi ekki rasískar skoðanir né skoðanir öfgahópa, og gæta skal að því í hvívetna að myndefnið særi ekki blygðunarkennd almennings. Þátttakendur afsala sér rétti til að sækja Krombacher til saka vegna þessa og skulu gæta þess að halda fyrirtækinu fyrir utan allar þær kröfur sem kunna að berast frá þriðja aðila vegna brota á réttindum, einkum vegna friðhelgi einkalífs eða höfundarréttar.

3.5 Í auglýsingaskyni gæti Krombacher birt í prentmiðlum og á netinu myndir sem væru teknar af starfsfólki eða fulltrúum Krombacher í tengslum við ferðina eða tengdum viðburðum. Vinningshafinn samþykkir aðlögun eða breytingar á myndunum. Krombacher gæti opinberað framangreindar upplýsingar og efni (t.d. myndir) í fréttatilkynningu. Verðlaunahafinn er meðvitaður um að viðtakendur fréttatilkynningar geti átt við og birt slíkar upplýsingar og efni í ýmsum fjölmiðlum (svo sem prentmiðlum og internetinu). Samþykki er óháð staðsetningu og innihaldi og takmarkast af tíma. Skaðabætur verða ekki greiddar.

4. Verðlaun

4.1 Ein aðalverðlaun verða veitt í hverju landi. Að tímamörkum liðnum mun Krombacher velja vinningshafa frá öllum þátttökulöndum þar sem litið er til eftirfarandi þátta: Gæða (25%), frumleika (25%), sýnileika vörumerkisins Krombacher (25%) og fjölda like-a við framlag þátttakanda (25%).

Verðlaunahafi mun vinna ferð til Krombach frá 26. – 28. apríl, 2019.

Krombacher mun standa undir kostnaði á eftirfarandi: Flugferð fram og til baka á almennu farrými til næsta flugvallar í Þýskalandi (Dusseldorf, Köln eða Frankfurt), gistingu á þriggja stjörnu hóteli í Siegen í tvær nætur í einstaklingsherbergi með morgunverði, flutningur frá flugvelli að hóteli í Siegen og frá hóteli til flugvallar, flutningur að viðburði og aftur baka að hóteli, auk matar og drykkjar á viðburði. Útgjöld vegna flutninga frá heimili að flugvelli og frá flugvelli að heimili verða ekki



Krombacher

greidd af Krombacher. Þau útgjöld, auk allra útgjalda í tengslum við útgáfu ferðaleyfis, skulu greidd af vinningshafa.

Til viðbótar við aðalverðlaunin mun Krombacher veita sér merkta Krombacher USB lykla til fyrstu 100 þáttakenda frá hverju landi.

4.2 Verðlaunahafar verða upplýstir af Krombacher í gegnum einka kilaboð þar sem óskað verður eftir því að viðkomandi hafi samband við Krombacher. Eftir það verður hver verðlaunahafi upplýstur um næstu skref. Aðeins verðlaunahafar munu fá einka skilaboð.

4.3 Eftirfarandi gildir um öll verðlaun: Verðlaun verða ekki greidd út í reiðufé. Verðlaunin eru ekki framseljanleg.

4.4 Verðlaunahafinn samþykkir eftir að verðlaunin verða tilkynnt, að nafn þeirra og staðsetning gæti verið upplýst á Facebook síðum Krombachers. (KrombacherUK, KrombacherItalia, KrombacherKorea, KrombacherBulgaria, KrombacherEspana and Krombacher International).

4.5 Ef verðlaunahafi hefur ekki svarað Krombacher innan 7 daga frá tilkynningu, hefur viðkomandi afsalað sér verðlaununum og mun dómnefnd útnefna annan þátttakanda sem sigurvegara byggt á forsendum sem listað var upp fyrir ofan.

5. Friðhelgi einkalífs

5.1 Gögn veitt af þátttakendum verða geymd rafrænt af Krombacher meðan á keppninni stendur í þeim tilgangi að nota og stjórna á meðan keppni stendur. Þátttakendur samþykkja þessa geymslu.

5.2 Öll persónuleg gögn sem eru geymd verður eytt eftir að keppni líkur.

5.3 Þátttakendur hafa fullan rétt á að óska eftir upplýsingum hvenær sem er um hvaða efni verður geymt og óskað eftir að þeim verði eytt á hvaða tíma sem er með því að hafa samband við digital@krombacher.com.



Krombacher

6. Takmarkanir á ábyrgð

Krombacher International GmbH er einungis ábyrgt fyrir tjóni vegna ásetnings eða verulegrar vanrækslu. Ofangreind skaðabótaábyrgð gildir ekki um skaða á lífi, limum eða heilsu vegna annara þátta.

Krombacher áskilur sér rétt til að blása keppnina af eða breyta fyrirkomulagi hennar, að hluta til eða algjörlega. Krombacher getur breytt skilyrðum og tilhögun keppninar hvenær sem er, án fyrirvara.

7. Gildandi reglur/lög

Þýsk lög gilda eingöngu.

8. Annað

Krombacher áskilur sér rétt til að blása keppnina af eða breyta fyrirkomulagi hennar, að hluta til eða algjörlega. Krombacher getur breytt skilyrðum og tilhögun keppninar hvenær sem er, án fyrirvara.